

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/102/EB

2007/EES/54/03

frá 17. nóvember 2003

um vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnaðags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að fækka þeim sem slasast í umferðarslysum í Bandalaginu er nauðsynlegt að innleiða ráðstafanir til að auka vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við framenda vélknúðs ökutækis.
- 2) Innan aðgerðaáætlunarinnar um umferðaröryggi er brýn þörf á röð óbeinna og virkra ráðstafana (varna slysum og draga úr afleiðingum slysa með því að draga úr umferðarhraða og bæta grunnvirki) til að bæta öryggi óvarinna vegfarenda, svo sem gangandi vegfarenda, hjólréiðamanna og ökumanna bifhjóla.
- 3) Innri markaðurinn myndar svæði án landamæra þar sem tryggja verður frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga og í þeim tilgangi er gerðarviðurkenningar kerfi Bandalagsins fyrir ökutæki til staðar. Tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúðs ökutækja með tilliti til verndar fótgangandi vegfarenda skulu samræmdar til að koma í veg fyrir að samþykktar verði mismunandi kröfur í aðildarríkjum og til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.
- 4) Hægt er að ná markmiðum um vernd gangandi vegfarenda með því að gera í senn virkar og óbeinar öryggisráðstafanir. Tilmæli Evrópunefndarinnar um aukið öryggi ökutækja (EEVC) frá júní 1999 hafa hlotið viðtækt samþykki á þessu sviði. Í þessum tilmælum eru settar fram kröfur um framhluta ökutækja í tilteknum flokkum vélknúðs ökutækja þannig að dragi úr slyshættu af völdum þeirra. Í þessari tilskipun eru settar fram prófanir og viðmiðunarmörk sem byggjast á tilmælum Evrópunefndarinnar um aukið öryggi ökutækja.
- 5) Framkvæmdastjórnin skal skoða hvort gerlegt er að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún taki til ökutækja með hámarks massa allt að 3,5 tonnum og gefa skýrslu um niðurstöður sínar til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 6) Líta ber á þessa tilskipun sem þátt í viðtækari röð ráðstafana sem Bandalagið, iðnaðurinn og viðkomandi yfirvöld aðildarríkjanna grípa til varðandi vegfarendur, ökutæki og grunnvirki, með hliðsjón af miðlun upplýsinga um bestu starfsvenjur, til þess að auka öryggi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda fyrir árekstur (virkar), við árekstur (óbeinar) og eftir árekstur.
- 7) Í ljósi þess hversu hröð tækniþróunin er á þessu sviði getur iðnaðurinn gert tillögu um aðrar ráðstafanir - annaðhvort óbeinar eða sambland af virkum og óbeinum ráðstöfunum – sem skila a.m.k. sama árangri og kröfur þessarar tilskipunar og skulu þær metnar í kjölfar gerleikaathugunar, sem framkvæmd er af óháðum sérfræðingum eigi síðar en 1. júlí 2004. Innleiðing annarra ráðstafanna, sem skila a.m.k. sama raunárangri, krefst þess að tilskipun þessi verði aðlöguð eða henni breytt.
- 8) Vegna yfirstandandi rannsókna og tækniframfara á sviði verndar fótgangandi vegfarenda er rétt að innleiða vissan sveigjanleika á þessu sviði. Til samræmis við það skal setja í þessari tilskipun grundvallar-ákvæði um vernd fótgangandi vegfarenda í formi prófana sem nýjar gerðir ökutækja og ný ökutæki þurfa að uppfylla. Tæknilegu forskriftirnar vegna framkvæmdar á slíkum prófunum skulu samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.
- 9) Hin hraða tækniframþróun í virkum öryggisráðstöfunum merkir að kerfi til að draga úr áhrifum árekstra og til að sporna gegn árekstrum geta aukið öryggi til muna, t.d. með því að draga úr hraða í árekstri og breyta höggstefnu. Í þessari tilskipun skal hvatt til þróunar slíkrar tækni.
- 10) Samtökin, sem eru í forsvari fyrir evrópska, japanska og kóreska framleiðendur vélknúðs ökutækja, hafa skuldbundið sig til að beita tilmælum Evrópunefndar um aukið öryggi ökutækja varðandi viðmiðunarmörk og prófanir, eða gera aðrar viðurkenndar ráðstafanir sem hafa a.m.k. jafngild áhrif, frá og með 2010 og beita fyrstu viðmiðunarmörkum og prófunum frá og með 2005 fyrir nýjar gerðir ökutækja og að beita fyrstu röð prófana á 80% allra nýrra ökutækja frá og með 1. júlí 2010, á 90% allra nýrra ökutækja frá og með 1. júlí 2011 og á öll ný ökutæki frá 31. desember 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2004 frá 3. desember 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 26.5.2005, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 234, 30.9.2003, bls. 10.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 4. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

11) Tilskipun þessi skal jafnframt stuðla að því að koma á öflugri vernd í tengslum við alþjóðlega samhæfingu löggjafar á þessu sviði sem hófst með samningi Sameinuðu þjóðanna og efnahagsnefndar Evrópu frá 1998 varðandi setningu heildartæknireglugerða fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að koma fyrir og/eda nota í ökutækjum á hjólum.

12) Tilskipun þessi er ein sértilskipananna sem ber að fara eftir til þess að gæta samræmis við EB-gerðarviðurkenningaradferðina, sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾.

13) Breyta ber tilskipun 70/156/EBE til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um yfirborð framhluta ökutækja. Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. og II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, í flokki M₁ með hámarks massa, sem er ekki meiri en 2,5 tonn, og ökutæki í flokki N₁ sem eru byggð á ökutækjum í flokki M₁, með hámarks massa sem er ekki meiri en 2,5 tonn.

2. Markmiðið með þessari tilskipun er að draga úr meiðslum fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda sem verða fyrir framhluta þeirra ökutækja sem skilgreind eru í 1. mgr.

2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 2004 er engu aðildarríki heimilt, af ástæðum sem varða vernd fótgangandi vegfarenda:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis eða

— að banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun,

að því tilskildu að ökutækin uppfylli tæknilegu ákvæðin sem sett eru fram í liðum 3.1. eða 3.2 í I. viðauka.

2. Frá og með 1. október 2005 skulu aðildarríkin ekki lengur veita:

— EB-gerðarviðurkenningu eða

— innlenda gerðarviðurkenningu,

nema á grundvelli ákvæða 2. mgr. 8. gr. í tilskipun 70/156/EBE, fyrir allar gerðir ökutækja af ástæðum sem varða vernd fótgangandi vegfarenda ef tæknilegu ákvæðin, sem sett eru fram í liðum 3.1 eða 3.2 í I. viðauka, hafa ekki verið uppfyllt.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um ökutæki sem, með tilliti til grunnþátta í byggingu og hönnun yfirbyggingarinnar fyrir framan A-stoðirnar, eru ekki frábrugðin

gerðum ökutækja sem veitt hefur verið EB-gerðarviðurkenning eða innlend gerðarviðurkenning fyrir 1. október 2005 og sem hafa ekki þegar verið viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.

4. Frá og með 1. september 2010 skulu aðildarríkin ekki lengur veita:

— EB-gerðarviðurkenningu eða

— innlenda gerðarviðurkenningu,

nema á grundvelli ákvæða 2. mgr. 8. gr. í tilskipun 70/156/EBE, fyrir allar gerðir ökutækja, af ástæðum sem varða vernd fótgangandi vegfarenda, ef tæknilegu ákvæðin sem sett eru fram í lið 3.2 í I. viðauka við þessa tilskipun hafa ekki verið uppfyllt.

5. Frá og með 31. desember 2012 skulu aðildarríkin:

— líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og

— banna að ný ökutæki verði skráð, seld og tekin í notkun ef þeim fylgja ekki samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE,

af ástæðum sem varða vernd fótgangandi vegfarenda ef tæknilegu ákvæðin, sem sett eru fram í liðum 3.1 eða 3.2 í I. viðauka, hafa ekki verið uppfyllt.

6. Frá og með 1. september 2015 skulu aðildarríkin:

— líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og

— banna að ný ökutæki verði skráð, seld og tekin í notkun ef þeim fylgja ekki samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE,

af ástæðum sem varða vernd fótgangandi vegfarenda ef tæknilegu ákvæðin, sem sett eru fram í lið 3.2 í I. viðauka, hafa ekki verið uppfyllt.

3. gr.

Með fyrirvara um ákvæðin í 2. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að prófanirnar, sem mælt er fyrir um í liðum 3.1. eða 3.2 í I. viðauka, séu gerðar í samræmi við tækniforskriftirnar sem skulu tilgreindar í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

Í hverjum mánuði skulu viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna senda framkvæmdastjórninni afrit af gerðarviðurkenningarvottorði, en fyrirmynd að því er að finna í 2. viðbæti við II. viðauka, fyrir hvert ökutæki sem þau hafa viðurkennt í samræmi við þessa tilskipun í þeim mánuði.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli viðeigandi upplýsinga, sem viðurkenningaryfirvöld og hagsmunaaðilar senda henni, sem og óháðra athugana, vakta framþróun iðnaðarins að því er varðar vernd fótgangandi vegfarenda og skal framkvæma eigi síðar en 1. júlí 2004 óháð gerleikamat að því er varðar ákvæði liðar 3.2 í I. viðauka og einkum aðrar ráðstafanir – annaðhvort óbeinar eða sambland af virkum og óbeinum ráðstöfunum – sem skila a.m.k. sama raunarángri. Gerleikaathugunin skal m.a. byggjast á hagnýtum prófunum og óháðum vísindarannsóknum.

2. Ef nauðsynlegt er talið, í kjölfar gerleikamatsins sem um getur í 1. mgr., að aðlaga ákvæði liðar 3.2 í I. viðauka þannig að þau feli í sér sambland af óbeinum og virkum ráðstöfunum, sem veita a.m.k. sömu vernd og núverandi ákvæði liðar 3.2. í I. viðauka, skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu tillögu um að breyta þessari tilskipun í samræmi við það.

3. Svo lengi sem aðlögun þessarar tilskipunar takmarkast við innleiðingu annarra óbeinna ráðstafana sem veita a.m.k. sömu vernd og núverandi ákvæði liðar 3.2. í I. viðauka má nefndin um aðlögun að tækni framförum, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 79/156/EBE, annast framkvæmd slíkrar aðlögunar.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöður vöktunarinnar, sem um getur í 1. mgr., fyrir 1. apríl 2006 og á tveggja ára fresti eftir það.

6. gr.

Tilskipun 70/156/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við í I. viðauka:

„9.23. Vernd gangandi vegfarenda

9.23.1. Leggja skal fram nákvæma lýsingu, þ.m.t. ljósmyndir og/eða teikningar, af ökutæki með tilliti til burðarvirkis, mála, viðeigandi viðmiðunarlína og smíðafna framhluta ökutækisins (að innan og utan). Í þessari lýsingu skulu koma fram upplýsingar um allan uppsettan, virkan varnarbúnað.“

2. Eftirfarandi liðir bætist við í A-hluta III. viðauka:

„9.23. Vernd gangandi vegfarenda

9.23.1. Leggja skal fram nákvæma lýsingu, þ.m.t. ljósmyndir og/eða teikningar, af ökutæki með tilliti til burðarvirkis, mála, viðeigandi viðmiðunarlína og smíðafna framhluta ökutækisins (að innan og utan). Í þessari lýsingu skulu koma fram upplýsingar um allan uppsettan, virkan varnarbúnað.“

3. Eftirfarandi 58. liður og neðanmálgreinar bætast við í I. hluta IV. viðauka:

| Viðfangsefni | Númer tilskipunar | Tilvísun í Stjórnartíðindi ESB | Gildissvið | | | | | | | | | | | |
|-------------------------------|-------------------|--|------------------|----------------|----------------|---------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|--|--|
| | | | M ₁ | M ₂ | M ₃ | N ₁ | N ₂ | N ₃ | O ₁ | O ₂ | O ₃ | O ₄ | | |
| „58 Vernd gangandi vegfarenda | 2003/102/EB | Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15. | X ⁽⁶⁾ | | | X ⁽⁶⁾ ⁽⁷⁾ | | | | | | | | |

⁽⁶⁾ með hámarks massa sem er ekki meiri en 2,5 tonn.

⁽⁷⁾ byggt á ökutækjum í flokki M₁.“

4. Texta XI. viðauka er breytt sem hér segir:

— eftirfarandi 58. liður bætist við í 1. viðbæti:

| Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar | M_1 $\leq 2\,500$ (l) kg | M_1 $> 2\,500$ (l) kg | M_2 | M_3 |
|-------|---------------------------|-------------------|-------------------------------|----------------------------|-------|-------|
| „58 | Vernd gangandi vegfarenda | 2003/102/EB | X“ | | | |

— eftirfarandi 58. liður bætist við í 2. viðbæti:

| Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar | M_1 | M_2 | M_3 | N_1 | N_2 | N_3 | O_1 | O_2 | O_3 | O_4 |
|-------|---------------------------|-------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| „58 | Vernd gangandi vegfarenda | 2003/102/EB“ | | | | | | | | | | |

— eftirfarandi 58. liður bætist við í 3. viðbæti:

| Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar | M_2 | M_3 | N_1 | N_2 | N_3 | O_1 | O_2 | O_3 | O_4 |
|-------|---------------------------|-------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| „58 | Vernd gangandi vegfarenda | 2003/102/EB“ | | | | | | | | | |

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

I. VIÐAUKI

TÆKNILEG ÁKVÆÐI

1. GILDISSVIÐ:

Tilskipunin gildir um yfirborð framhluta ökutækja. Í þessari tilskipun merkir ökutæki öll vélknúin ökutæki, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. og II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, í flokki M₁ með hámarks massa, sem er ekki meiri en 2,5 tonn, og ökutæki í flokki N₁, sem eru byggð á ökutækjum í flokki M₁, með hámarks massa sem er ekki meiri en 2,5 tonn.
2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

 - 2.1. „A-stoð“: fremsta og ysta þakstoðin sem nær frá undirvagni til þaks ökutækisins.
 - 2.2. „Stuðari“: neðri hluti ytra burðarvirkis ökutækis að framan. Til hans teljast allir hlutar sem eru ætlaðir til að verja ökutæki þegar það lendir í árekstri að framan á litlum hraða við annað ökutæki og einnig allir hlutar sem eru festir við þennan hluta.
 - 2.3. „Frambrún vélarhlífar“: efri hluti ytra burðarvirkis að framan, þ.m.t. vélarhlífin og brettin, svæðið ofan við og til hliðar við umgjörð aðalljóskera og allir aðrir viðfestir hlutir.
 - 2.4. „efra borð vélarhlífar“: ytri hluti yfirbyggingarinnar sem efra yfirborð allra ytri hluta teljast til, nema framrúðan, A-stoðirnar og allir hlutar sem eru fyrir aftan þær. Til þess teljast því m.a. vélarhlífin, brettin, loftinntakið, rúðupurrkuásinn og neðri hluti framrúðukarmsins.
 - 2.5. „Álagsstuðull fyrir höfuð (Head Performance Criterion, HPC)“ er útreikningur á tilteknu tímabili á hámarks hröðuninni sem getur orðið við höggið.
 - 2.6. „Framrúða“: rúða framan á ökutækinu sem uppfyllir allar viðeigandi kröfur í I. viðauka við tilskipun 77/649/EBE ⁽¹⁾.
 - 2.7. „Gerð ökutækis“: flokkur vélknúinna ökutækja sem eru ekki frábrugðin hvert öðru fyrir framan A-stoðirnar að því er varðar eftirfarandi grundvallaratriði:
 - burðarvirki,
 - helstu mál,
 - smíðaeefni ytri flata ökutækisins,
 - fyrirkomulag íhluta (að utan eða innan),

að svo miklu leyti sem telja má að þau hafi neikvæð áhrif á niðurstöður þeirra höggprófana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
 - 2.8. „Hámarksmassi“: tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu sem framleiðandi gefur upp skv. lið 2.8 í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.
3. ÁKVÆÐI UM PRÓFANIR
 - 3.1. Þess er krafist að eftirfarandi prófanir séu framkvæmdar, þó er viðmiðunargildanna, sem tilgreind eru í liðum 3.1.3 og 3.1.4, einungis krafist vegna vöktunar.
 - 3.1.1. Fótleggjarlíkan á móti stuðara: Þess er krafist að önnur af prófununum fyrir fótleggjarlíkanið, sem lýst er í liðum 3.1.1.1 eða 3.1.1.2, sé framkvæmd:
 - 3.1.1.1. Neðri hluti fótleggjarlíkans á móti stuðara: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 40 km/klst.. Hámarks hreyfanlega hornið, sem hnéð beygist í, skal ekki vera stærra en 21°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin, sem er mæld við efri hluta sköflungsins, skal ekki vera meiri en 200 g.
 - 3.1.1.2. Efri hluti fótleggjarlíkans á móti stuðara: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 40 km/klst. Augnablikssumma höggkraftanna með tilliti til tíma skal ekki vera stærri en 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinn skal ekki vera stærra en 510 Nm.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 77/649/EBE frá 27. september 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjónsvið ökumanna vélknúinna ökutækja (Stjtið. EB L 267, 19. 10. 1977., bls. 1). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/630/EBE (Stjtið. EB L 341, 6. 12. 1990, bls. 20).

- 3.1.2. Höfuðlíkan barns/smávaxins, fullorðins manns á móti efra borði vélarhlífar: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 35 km/klst. og nota skal 3,5 kg höggprófunarbúnað. Álagsstuðull fyrir höfuð skal ekki vera yfir 1000 fyrir 2/3 af prófunarfleti vélarhlífarinnar og 2000 fyrir hinn 1/3 hluta prófunarflatar vélarhlífarinnar.
- 3.1.3. Efri hluti fótleggjarlíkans á móti frambrún vélarhlífar: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraða sem er allt að 40 km/klst. Augnablikssumma höggkraftanna með tilliti til tíma skal ekki vera stærri en hugsanlegt markgildi, sem nemur 5,0 kN, og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinn skal skráð og borið saman við hugsanlegt markgildi sem nemur 300 Nm.
- 3.1.4. Höfuðlíkan fullorðins á móti framrúðu: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 35 km/klst. og nota skal 4,8 kg höggprófunarbúnað. Álagsstuðullinn fyrir höfuð skal skráður og borinn saman við hugsanlegt markgildi sem nemur 1000.
- 3.2. Þess er krafist að eftirfarandi prófanir séu framkvæmdar.
- 3.2.1. Fótleggjarlíkan á móti stuðara: Þess er krafist að önnur af prófununum fyrir fótleggjarlíkanið, sem lýst er í liðum 3.2.1.1 eða 3.2.1.2, sé framkvæmd:
- 3.2.1.1. Neðri hluti fótleggjarlíkans á móti stuðara: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 40 km/klst.. Hámarkshornið, sem hnéð beygist í, skal ekki vera stærra en 15,0°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin, sem er mæld við efri hluta sköflungsins, skal ekki vera meiri en 150 g.
- 3.2.1.2. Efri hluti prófunarfótleggjar á móti stuðara: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 40 km/klst. Augnablikssumma höggkraftanna með tilliti til tíma skal ekki vera stærri en 5,0 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinn skal ekki vera stærra en 300 Nm.
- 3.2.2. Líkan af höfði barns á móti efra borði vélarhlífar: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 40 km/klst. og nota skal 2,5 kg höggprófunarbúnað. Álagsstuðull fyrir höfuð skal ekki vera yfir 1000 fyrir allan prófunarflöt vélarhlífarinnar.
- 3.2.3. Efri hluti fótleggjarlíkans á móti frambrún vélarhlífar: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraða sem er allt að 40 km/klst. Augnablikssumma höggkraftanna með tilliti til tíma skal ekki vera stærri en 5,0 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinn skal ekki vera stærra en 300 Nm.
- 3.2.4. Höfuðlíkan fullorðins á efra borð vélarhlífar: Prófunin er framkvæmd með árekstrarhraðanum 40 km/klst. og nota skal 4,8 kg höggprófunarbúnað. Álagsstuðull fyrir höfuð skal ekki vera yfir 1000 fyrir allan prófunarflöt vélarhlífarinnar.
-

II. VIÐAUKI

STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI UM GERÐARVIÐURKENNINGU

1. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU
 - 1.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu, skv. 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE, fyrir gerð ökutækis að því er varðar vernd gangandi vegfarenda.
 - 1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.
 - 1.3. Láta ber tæknipjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dæmigert ökutæki fyrir þá gerð sem viðurkenna á.
2. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
 - 2.1. Ef prófanirnar, sem um getur í I. viðauka, eru gerðar í samræmi við forskriftirnar, sem er að finna í þeim viðauka og tækniforskriftirnar sem um getur í 3. gr. þessarar tilskipunar, skal veita EB-gerðarviðurkenningu skv. 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 4. gr. í tilskipun 70/156/EBE.
 - 2.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í 2. viðbæti.
 - 2.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Aðildarríki skal ekki úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.
 - 2.4. Ef um vafa er að ræða skal, þegar sannprófað er hvort prófunaraðferðinni hafi verið fylgt, taka tillit til allra gagna eða prófunarniðurstaðna sem framleiðandi lætur í té og hægt er að taka tillit til við mat á viðurkenningarprófuninni sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir.
3. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGU
 - 3.1. Endurtaka ber prófunina ef gerðar eru breytingar á ökutækinu, er hafa áhrif á almennt smíðaform framhluta þess, sem að dómi yfirvaldsins hefðu merkjanleg áhrif á prófunarniðurstöður.
 - 3.2. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda ef gerð ökutækis, sem er viðurkennd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, er breytt.
4. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU
 - 4.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

I. viðbætur við II. viðauka

Upplýsingaskjal nr. ... í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE varðandi EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar vernd gangandi vegfarenda

Eftirfarandi upplýsingar skal, ef við á, gefa í þrítí og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

- 0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Flokkur ökutækis:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
- 1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:
- 9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:
- 9.23. Vernd gangandi vegfarenda:

Leggja skal fram nákvæma lýsingu, þ.m.t. ljósmyndir og/eða teikningar, af ökutæki með tilliti til burðarvirkis, mála, viðeigandi viðmiðunarlína og smíðaeftna framhluta ökutækisins (að innan og utan). Í þessari lýsingu skulu koma fram upplýsingar um allan uppsettan, virkan búnað.

2. viðbætur við II. viðauka

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

| |
|--|
| STIMPILL þess yfirvalds sem veitir EB-gerðarviðurkenninguna |
|--|

Tilkynning um:

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

á gerð ökutækis/með hliðsjón af tilskipun/...../EB eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.1. Verslunarheiti ef þær upplýsingar liggja fyrir:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót)
2. Tæknipjónusta sem annast prófanimar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót)
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. vegna gerðarviðurkenningar ökutækis með tilliti til tilskipunar..... / /EB eins og henni var síðast breytt með tilskipun / /EB

1. **Frekari upplýsingar**

1.1. Stutt lýsing á ökutækisgerðinni með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaeafna: ..

.....

1.2. Staðsetning hreyfils: fram í/aftur í/í miðju ⁽¹⁾

1.3. Drif: framhjóladrif/afturhjóladrif⁽¹⁾

1.4. Massi ökutækis sem látið er í té til prófunar:

á framási:

á afturási:

samtals:

1.5. Prófunarniðurstöður samkvæmt lið 3.1/3.2 í I. viðauka (strikið út eftir því sem við á):

1.5.1 Prófanir samkvæmt lið 3.1. í I. viðauka:

| Prófun | Skráð gildi | | Stenst prófun/stenst ekki prófun ⁽¹⁾ |
|---|--|--------|---|
| | | | |
| Neðri hluti prófunarfötleggjar á móti stuðara (ef prófun fer fram) | Beygjuhorn | gráður | |
| | Skerfærsla | mm | |
| | Hröðun við sköflung | g | |
| Efri hluti prófunarfötleggjar á móti frambrún vélarhlífar: | Summa höggkraftanna | kN | ⁽²⁾ |
| | Beygjukraftvægi | Nm | ⁽²⁾ |
| Efri hluti prófunarfötleggjar á móti stuðara (ef prófun fer fram) | Summa höggkraftanna | kN | |
| | Beygjukraftvægi | Nm | |
| Líkan af höfði barns/smávaxins fullorðins manns (3,5 kg) á efra borð vélarhlífar: | HPC-gildi á svæði A (a.m.k. 12 gildi) | | |
| | HPC-gildi á svæði B (a.m.k. sex gildi) | | |
| Höfuðlíkan fullorðins (4,8) á móti framrúðu: | HPC-gildi (a.m.k. fimm gildi) | | ⁽²⁾ |

⁽¹⁾ Í samræmi við gildin sem eru tilgreind í lið 3.1. í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB frá 17. nóvember 2003 um vemd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda gegn árekstri og við árekstur við vélknúð ökutæki.

⁽²⁾ Einungis vegna vöktunar.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

1.5.2. Prófanir samkvæmt lið 3.2. í I. viðauka:

| Prófun | Skráð gildi | | Stenst prófun/stenst ekki prófun ⁽¹⁾ |
|--|------------------------------|--------|---|
| Neðri hluti prófunarfótleggjar á móti stuðara (ef prófun fer fram) | Beygjuhorn | gráður | |
| | Skerfærsla | mm | |
| | Hröðun við sköflung | g | |
| Efri hluti prófunarfótleggjar á móti frambrún vélarhlífar: | Summa höggkraftanna | kN | |
| | Beygjukraftvægi | Nm | |
| Efri hluti prófunarfótleggjar á móti stuðara (ef prófun fer fram) | Summa höggkraftanna | kN | |
| | Beygjukraftvægi | Nm | |
| Líkan af höfði barns (2,5 kg) á efra borð vélarhlífar: | HPC-gildi (a.m.k. níu gildi) | | |
| Líkan af höfði fullorðins (4,8 kg) á efra borð vélarhlífar: | HPC-gildi (a.m.k. níu gildi) | | |

⁽¹⁾ í samræmi við gildin sem eru tilgreind í lið 3.2 í I. viðauka við tilskipun 2003/102/EB.

1.6. Athugasemdir: (t.d.: gildir jafnt um ökutæki með stýri hægra og vinstra megin)

.....
